

Borgarstjórnin í Reykjavík
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Erindi: Tillaga matsnefndar¹ vegna umsóknar Bjargs íbúðafélags hses. kt. 490916-0670 um samning um stofnframlög til þriggja ára.

Þann 26. mars 2022 barst Reykjavíkurborg umsókn Bjargs íbúðafélags hses. um samning um stofnframlög til þriggja ára með vísan til laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar 183/2020 með síðari breytingum og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög dags. 29. september 2016 (rrs) vegna:

- Gufuness II 24 íbúðir, áætluð úthlutun 2023.
- Rangársels, 48 íbúðir, áætluð úthlutun 2023.
- Skerjafjarðar, 74 íbúðir, áætluð úthlutun 2023.
- Veðurstofuhæðar, 48 íbúðir, áætluð úthlutun 2023.
- Gufuness II, 24 íbúðir, áætluð úthlutun 2024.

Jafnframt óskar Bjarg eftir því að skila stofnframlagi vegna Skerjafjarðar sem samþykkt var í borgarráði 28. maí 2020. Ástæða þessa er að upphaf verkefnis hefur tafist og á þeim tíma hefur byggingarkostnaður hækkað.

Matsnefnd mælir með að borgarráð samþykki að gera samning til þriggja ára og að fella niður stofnframlag vegna Skerjafjarðar að fjárhæð 268.018.657 kr. frá árinu 2020. Stofnframlag kemur til útborgunar þegar fyrir liggur samningur við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og við Reykjavíkurborg. Matsnefnd mælir með að samþykki umsóknar verði byggt á kröfu um endurgreiðslu stofnframlags í samræmi við 6. grein reglnanna.

Forsenda fyrir veitingu stofnframlags Reykjavíkurborgar er að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun samþykki að gera samning til þriggja ára og verkefnin falli að öllu leiti að lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar 183/2020 með síðari breytingum og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög dags. 29. september 2016 (rrs)

¹ Þann 14. apríl 2020 skipaði borgarstjórnin í Reykjavík matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um veitingu stofnframlaga sem samþykktar voru í borgarráði dags. 29. september 2016. Hlutverk matsnefndar er að fara yfir umsóknir um stofnframlög Reykjavíkurborgar og gera tillögu til borgarstjóra um afgreiðslu þeirra á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar nr. 183/2020 og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög.



Reykjavíkurborg

Halldóra Káradóttir

Óli Jón Hertervig

Ívar Örn Ívarsson

Karl Einarsson, starfsmaður matsnefndar